

6. fundur stjórnar AP, starfsárið 2015-2016

haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn mánudaginn 15. febrúar 2016 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Elías Pétursson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sif Jóhannesdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

Þar sem hluti fulltrúa Langnesbyggðar og Svalbarðshrepps var ekki mættir til fundar lagði formaður til breytingu á dagskrá þannig að dagskrárliðir 2- 4 yrðu afgreiddir á undan fyrsta lið. Var það samþykkt.

1. Langanesbyggð og Svalbarðshreppur – staða og framtíð

Oddvitar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, Reynir Atli Jónsson og Sigurður Þór Guðmundsson og Þorsteinn Ægir Egilsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Langanesbyggð gerðu grein fyrir stöðu og verkefnum sem eru á döfinni í sveitarfélaginu og var m.a. komið inn á eftirfarandi atriði. Einnig var samstarf sveitarfélaganna og atvinnuþróunarfélagsins til umræðu og var m.a. komið inn á eftirtalin atriði:

- Staðan á Bakkafirði er erfið eftir að nánast öllu starfsfólki Toppfisks var sagt upp störfum. Atvinnulífið er einhæft og byggðarlagið mjög brothætt.
- Starfsemi Ísfélagsins er öflug á Þórshöfn en loðnubrestur á vetrarvertíð hefur verulega neikvæð áhrif á atvinnustig og tekjuöflun í sveitarfélaginu. Félagið heldur þó uppi bolfiskvinnslu og hefur nýlega keypt bát til að styrkja hráefnisöflun þeirrar vinnslu. Staðan dregur sterkt fram þá einhæfni sem er í atvinnulífinu og þar með brothætta stöðu þess.
- Unnið er að Finnafjarðarverkefninu til að unnt sé að svara þeim mörgu og stóru spurningum sem sú uppbygging myndi vekja. Einn megin drifkraftur verkefnisins frá hendi sveitarfélaganna er að með því myndi atvinnugrunnur samfélagsins styrkjast verulega, bæði hvað varðar umfang og ekki síður fjölbreytni. Unnið er að sameiginlegri viljayfirlýsingu Bremenports, íslenskra stjórnvalda, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps og Eflu-verkfræðistofu um framgang verkefnisins.
- Rætt um nauðsyn þess að vinna innviðagreiningu á svæðinu vegna Finnafjarðarverkefnisins, mögulega í samstarfi við Austurbrú.
- Áhugi er á því að efla ferðaþjónustu á svæðinu en hún mun einnig auka fjölbreytileika í atvinnustarfsemi. Greinin er veik á svæðinu og fyrirtækin lítil.
- Mikið framboð er af hráefni til matvælavinnslu á svæðinu, bæði sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir en úrvinnsla lítil og nær engin fullvinnsla.
- Innviðir fjarskipta og gagnaflutninga veikir sem bæði skerðir búsetuskilyrði og veikir samkeppnisstöðu atvinnulífs.
- Flutningskerfi raforku annar ekki þörf svæðisins og er því samkeppnishamlandi, sérstaklega fyrir fiskimjölsiðnaðinn á svæðinu.
- Ljúka þarf uppbygginu Norðausturvegar um Langanesströnd sem fyrst þannig að vegurinn geti þjónað sem hluti hringleiðar ferðamanna um Norðausturland.
- Vegurinn útá Langanes hefur verið bættur nokkuð á undanförunu árum í gegnum svokallaða styrkvegi en gera þarf betur. Möguleiki ætti að vera á því að sækja í framkvæmdasjóð ferðamannastaða til frekari uppbyggingar vegarins.
- Rætt um nýgerða búvörusamninga og áhrif þeirra á landbúnað á svæðinu sem menn telja að verði ekki mikil. Þó megi búast við því að ríkisframlag inn á svæðið minnki eitthvað.

- Vangaveltur um hvernig virkja megi frumkvöðla á svæðinu betur en gert er í dag. Einn þáttur í því gæti verið meiri sýnileiki atvinnuþróunarfélagsins á svæðinu sem gestir töldu að nokkuð vantaði uppá.
- Ýmis tækifæri geta verið fyrir svæðið í tengslum við beint millilandaflug frá Egilsstöðum, bæði í ferðapjónustu en einnig í tengslum við ferkfiskútflutning.

Fulltrúum Langesbyggðar og Svalbarðshrepps er þakkað fyrir fróðlega yfirferð um málefni sveitarfélaganna og samstarf þeirra við atvinnuþróunarfélagið.

2. Afsal forkaupsréttar vegna sölu hlutabréfa í Tækifæri hf.

Fyrir liggur erindi frá Tækifæri hf. dags. 2. febrúar sl. þar sem boðinn er forkaupsréttur vegna kauptilboðs KEA í hlut Akureyrarkaupstaðar í Tækifæri hf. Stjórnarmenn höfðu áður tekið afstöðu til tilboðsins í tölvupósti og hafnað því.

Stjórnin staðfestir þá ákvörðun að hafna forkaupsrétti vegna sölu á hlut Akureyrarkaupstaðar á hlut sínum í Tækifæri hf. til KEA.

3. Kauptilboð KEA í hlut AP í Tækifæri hf.

Fyrir liggur kauptilboð frá KEA í hlut félagsins í Tækifæri hf. dags. 2. febrúar sl. Kauptilboðið er á nafnverði hlutafjárins að upphæð kr. 2.877.315,- og gildi til 9. febrúar sl. Stjórnarmenn höfðu áður tekið afstöðu til tilboðsins í tölvupósti og samþykkt það og var KEA tilkynnt um þá ákvörðun innan tilboðsfrestsins.

Stjórnin staðfestir þá ákvörðun að taka ofangreindu tilboði KEA í hlut félagsins í Tækifæri hf.

4. Fundaplan og tímasetning aðalfundar.

Farið yfir fundaplan ársins og samþykkt að stefna að aðalfundi föstudaginn 15. apríl í Skúlagarði. Rætt um möguleg viðfangsefni hefðbundins málþings í tengslum við aðalfundinn og val á handhafa hvatningarverðlauna félagsins. Stjórnarmenn ásamt framkvæmdastjóra munu leggja höfuðið í bleyti á næstu vikum vegna þessa.

5. Önnur mál

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:05